



# Grænifáninn

10. maí 2010

Tíundi fundur skólaársins. Mætt voru: Svanborg, Kata, Karítas, Sigurður, Ármann, Sævar og Óttar. Forföll: Jónas, Lilja Hrund og Didda

Nemendum var tilkynnt um komu fulltrúa Landverndar næstkomandi miðvikudag, 12. maí, í skólann okkar. Tilgangur komu þeirra er að taka út starfið okkar og í framhaldi af því að taka ákvörðun um hvort við fáum Grænifánann til afhendingar aftur. Ekki er enn vitað hvenær dagsins þeir munu koma en nemendum var sagt frá því að þeir verði líklega kallaðir til fundar með fulltrúum Landverndar.

Fyrirspurn kom fram á fundinum um töskusöluna en eins og er eru sex töskur óseldar og vonumst við til þess að geta selt þær á næstunni. Ekki er komin endanleg tala á innkomuna fyrir töskurnar.

Ábending kom frá nemanda í nefndinni um að ungir krakkar séu búnir að rífa upp staurana sem við settum niður á Degi umhverfisins í grenndarskóginum til að stífa af tré sem voru farin að halla. Þetta þótti okkur miður að heyra og mjög ósátt við að með þessum hætti séu unnar skemmdir á því sem við vinnum að. Munum við kanna þetta nánar við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki gert. Fundi slitið 13:55.  
Svanborg